



Kæra foreldri/forráðamaður:

Við erum ánægð að þú og fjölskylda þín séu meðlimir okkar fjölbreytta samfélags, þar sem meira en eitt hundruð tungumál eru nú þegar töluð. Við hjá hinum almenna sýsluskóla Prince William erum staðráðin í að veita hverjum og einum nemanda menntun á heimsmæli kvarða. Þar sem samvinna fjölskyldu er nauðsynleg í því ferli, erum við ánægð að bjóða fram nokkrar grunn upplýsingar til þess að aðstoða hvert foreldri og forráðamann til þess að verða þátttakandi í menntun barns síns.

Allt kennsluefni er gefið út á ensku; hinsvegar þýðum við mikilvæg skjöl og upplýsingar yfir á hin mest umbeðnu tungumál á okkar svæði.

Nemendur af flestum þjóðernum geta notið góðs af mikilvægum og reglulega uppfærðum upplýsingum bæði á vefsíðu hins almenna sýsluskóla Prince William—pwcs.edu—og á hverri stakri skólasíðu. Þar má að finna þýðingar hjálparvél Google, sem býður upp á takmarkaða þýðingu á fleira en 50 tungumálum. Tölvuþýðingar eru oft ónákvæmar, en geta þó boðið fram mikilvæga tengla um skóla upplýsingar. Ef þú hefur ekki aðgang að tölvu að heiman getur þú fengið aðgang á hverju almennu bókasafni.

Það sem mestu skiptir er að skóla deildin veitir aðgang að faglegum þýðendum til þess að aðstoða nemendur flestra landa á því tungumáli sem að þeim hentar, t.d. að skilja skjöl sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar varðandi réttindi nemanda og foreldra, ábyrgðir, væntingar og önnur málefni sem við tengjast skólanum, einnig hlunnindum og þjónustu sem nemandinn hefur aðgang að. Þýðendur geta aðstoðað með foreldrafundi í sambandi við þessi mál til þess að tryggja það að allir geti komið skoðunum á framfæri og að skilningur liggi fyrir. Þessi þjónusta er í boði fyrir fjölskyldur að kostnaðarlausu.

Notast skal við eina af þessum aðferðum þegar þú þarft á sérstakri aðstoð að halda.

- Á internetinu—farðu á translations.pwcs.edu
- Í eigin persónu—heimsóttu skóla barns þíns. Það er ólíklegt að einhver sem talar tungumálið þitt verði viðstaddur. Hinsvegar mun starfsmaður notast við plakat til þess að safna saman upplýsingum til þess að aðstoða þig.

DR. STEVEN L. WALTERS
Superintendent of Schools

Í öllum tilvikum verður þú beðinn um eftirfarandi upplýsingar:

- Nafnið þitt og barns þíns;
- Nafnið á skóla, bekk og kennara barns þíns;
- Aðilinn (nafn eða starfsheiti) sem þú vilt hafa samband við og umræðuefni; og
- Símanúmer og hentugur tími þar sem hægt er að ná í þig.

Ef að barnið þitt kemur heim með skilaboð frá skólanum sem boða á fund; eða ef þú vilt ræða við kennara eða annan skólastarfsmann, notaðu fyrirmælin að ofan til þess að óska eftir þýðanda til þess að aðstoða við þessar samræður. Við munum hafa samband eins fljótt og unnt er.

Þátttaka þín getur haft jákvæð áhrif á menntun barns þíns, og við styðjum að því með því að bjóða upp á þessa þjónustu. Við vonum að þetta bréf komi á framfæri skuldbindingu okkar hér hjá hinum almenna sýsluskóla Prince William til þín og þíns barns. Ég er sannfærður um að þú deilir markmiði okkar um að hver og einn nemandi fái kennslu á heimsmæli kvarða.

Kær kveðja,



Dr. Steven Walts
Forstöðumaður skóla

*Þegar þú heimsækir vefsíðu okkar hjá pwcs.edu, leitaðu að litríkum hnetti til þess að finna síður með þeim upplýsingum sem voru gefnar í þessu bréfi.

